

Skólaráðsfundur 28.5.2026

Mættir: Inga skólastjóri, Magga aðstoðarskólastjóri, Fjóla deildarstjóri
frístundamiðstöðvar, Vala fulltrúi starfsmanna, Hólmfríður og Hildur fulltrúar kennara,
Jessica fulltrúi foreldra, Berglind fulltrúi nemenda

Fundarefni:

- Niðurstöður matsferils sem lagður var fyrir vor 2026 í 4. til 10.bekk. Farið yfir niðurstöður skólans, niðurstöður verða kynntar fyrir foreldrum 1. júní inn á island.is, þurfum svo að rýna í þessi gögn með kennurum svo við getum bætt okkur hér og náð betri árangri að ári. Ekki alltaf samræmi á milli skólaeinkunnar og niðurstöðu úr matsferli sem bendir til þess að nemendur eru ekki alltaf að leggja sig fram yfir veturinn eins og þeir ættu að geta gert.
- Skólapúlsinn var lagður fyrir í sept, nóv, jan, mars og svo er síðasta umferðin núna í maí fyrir 6. til 10.bekk. Farið yfir niðurstöður – það sem vekur mesta athygli er hversu margir eru óánægðir með matinn, mun fleiri en á landsvísu. Aðeins 15% nemenda í þessu úrtaki er ánægður með matinnsem og hefur það lækkað um 30% síðan í síðasta úrtaki, það sem þau nefna er: óhreinn borðbúnaður, vantar mat, þær fylgjast ekki með ef það vantar, diskar óhreinir, illa eldaður og kaldur.
- Undirbúningur fyrir næsta skólaár – breytingar á starfsmannahópi sem verða fyrir næsta vetur, búið er að ráða 2 í verk og list, 1 ísat, 2 sérkennsla, 1 á unglíngastig, 3 á miðstig og 2 á yngsta stig, af þessum eru 9 með réttindi og 2 í náminu. Síðan erum við með 7 leiðbeinendur við kennslu og af þeim eru allir nema einn í náminu eða eru að reyna að komst inn í námið. Nokkuð vel hefur gengið að manna í stöður og mikil ánægja með hversu margir hafa verið ráðnir með réttindi.
- Loftræsting – innan marka en of mikill hiti í húsinu og of lítið rakastig. Framkvæmdarsvið leggur til að loftræsting í matsal verði löguð og keyptar hitastoppandi gardínur í umsjónarstofur á suðurhlið. Þarf að skoða betur því ekki er í boði að það sé dregið fyrir og öll dagsbirta útilokuð. Ekki er komið í ljós hvort af þessu verður eða ekki.
- Hljóðvist - búið að fara í úttekt á hljóðvist sem kom ekki vel út og ferðar voru tillögur um að setja lötur á endaveggi og laga hljóðvist í loftinu. Framkvæmdarsvið vill að fyrst verði settar plötur á endaveggi og staðan endurmetin, ef það er ekki nóg þá verður farið í framkvæmd í loftum.
- Lóðin – ákveðið fjármagn er til fyrir framkvæmdum á lóð í sumar. Þá verður eitthvað girt af.
- Starfsáætlunar skólaráðs fyrir 2026 -2027 var kynnt og tillögur að dagsetningum. Fundarboð verða send út í ágúst fyrir allar dagsetningar. Þá þarf að kjósa nýjan

fulltrúa nemenda úr 9.bekk fyrir næsta vetur. Einnig þarf að fá annan fulltrúa frá foreldraráði á fundina. Farið verður í það í ágúst.

- önnur mál
 - salerni við matsal – verða opnuð í haust
 - sumarnámskeið – biðlisti fyrstu vikuna, ósáttir foreldrar en ekki er mannskapur til að taka inn fleiri börn og mörg leikjanámskeið eru í boði í bænum. Laust í 3 vikunni. Námskeið fyrir tilvonandi 1.bekk hefst eftir verzlunarmannahelgi og þar verður pláss fyrir alla.
 - foreldrarölt næsta haust – kynning verður send heim á alla foreldra fyrstu vikuna í sept og sett verður af stað keppni milli árganga og þeir árgangar sem fara oftast fá pizzuveislu fyrir nemendur í des og maí. Forvarnarfulltrúi bæjarins mun útbúa kynninguna sem send verður á foreldra.
 - Ólag á neti í húsi – nokkrar stofur á unglíngagangi eru alveg netlausar og aðrar stofur detta inn og út. Allir að vera á göngum til að fá net, að sögn starfsmanns sem kom síðast frá tölvudeil, þarf að skipta um tengipunkt í unglíngadeild. Starfsmenn frá tölvudeildinni hafa ítrekað komið og reynt að finna lausn en ekkert hefur virkað. Þarf að koma þessu í lag sem fyrst.
 - Prentari í unglíngadeild hefur verið bilaður í margar vikur, er ennþá óvirkur. Skrifstofustjóri hefur marg hringt til að reyna að fá einhverja lausn á þetta mál.
 - Cromebooks – fáum við viðbót eða fáum við bekkjarsett fyrir 10.bekk. Kennarar óska eftir að nemendur fái mýs með ef tölvur verða keyptar. Afhverju má ekki fá lánaðar þær tölvur sem eru í Tækniskarði? Þær eru bara notaðir í kennslu þar. Skólustjóri kannar málið.
 - Námsefniskynningar í unglíngadeild næsta haust, fulltrúi foreldra kallar eftir að það verði tekið upp aftur eða einhver útgáfa af því. Kennarar í skólaráði eru hlynttir því. Þetta verður skoðað fyrir haustið.
 - Hausthátíð 1.sept hjá foreldrafélaginu. Gafst vel í fyrra að hafa þetta að hausti og því var ákveðið að gera það aftur. Þá getur tilvonandi 1.bekkur líka mætt.

Fleira ekki gert, fundi slitið 16:10

Ingibjörg Magnúsdóttir